

Umsögn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um mál S-138/2025

Almenn afstaða

Vinstrihreyfingin – grænt framboð lýsir yfir djúpum áhyggjum og andstöðu við áform dómsmálaráðuneytisins um að lögfesta sérstaka brottfararstöð fyrir útlendinga í ólögmætri dvöl. Með áformunum er stigið stórt og íþyngjandi lagalegt skref – án þess að mannréttindasjónarmið, félagslegar forsendur og samfélagsleg ábyrgð séu höfð að leiðarljósi.

Við teljum málið í núverandi mynd pólitískt, faglega og siðferðilega illa undirbúið og illa tímasett.

Brottfararbúðir eru í raun ekkert annað en nýtt orð yfir lokuð búsetuúrræði eða fangelsi án refsiverðrar háttsemi. Þetta eru sömu áform og reyndust of íþyngjandi og ómannúðleg til að komast að í fyrri ríkisstjórn, þar sem Vinstri græn stóðu gegn þeim og stöðvuðu þau. Því er ástæða til að nefna hlutina réttum nöfnum: hér er verið að endurvekja sömu hugmynd – með öðru nafni.

1. Sýndarsamráð sem útilokar raunverulegt samráð

Það eitt og sér er verulegt áhyggjuefni að mál af þessu tagi – sem snertir kjarna réttarríkisins og meginreglur mannréttinda – skuli aðeins vera til umsagnar í rúmar tvær vikur (21. júlí til 5. ágúst).

Samráðið fer fram að mestu yfir verslunarmannahelgi og sumarleyfi margra hagsmunaaðila, aðstandenda, félagasamtaka og fagraða. Þetta er ekki raunverulegt samráð – þetta er málamyndasamráð.

Þegar verið er að boða lagasetningu sem heimilar stjórnvöldum að frelsissvipta fólk án þess að það hafi framið refsivert brot, á slíkt ekki að eiga sér stað án djúprar, gagnsærrar og ábyrgrar umræðu. Hér er verið að stíga stór og alvarleg skref – og það er gert með grímulausum hætti.

2. Stefnumbreyting í þá veru að setja fólk bak við lás og slá – án saka

Í áformunum er gert ráð fyrir því að einstaklingar í ólögmætri dvöl verði vistaðir í sérstökum brottfararúrræðum sem að formi og innihaldi taka mið af fullnustu refsinga.

Í því sambandi er nauðsynlegt að ítreka: Að vera í ólögmætri dvöl er ekki refsivert brot.

Engu að síður er hér verið að festa í lög vistun sem í raun er varðhald eða fangelsi – án þess að fyrir liggi ákæra eða dómur. Þar að auki er ekkert tryggt um málsmeðferð,

endurskoðun, einstaklingsbundið mat eða aðkomu óháðra eftirlitsaðila. Þetta skapar hættu á kerfisbundnum mannréttindabrotum og veikburða réttargæslu.

3. Börn og viðkvæmir hópar – lögin verða að útiloka vistun

Við tökum undir með UNICEF og þroskahjálp sem í sínum umsögnum kalla eftir ótvíræðu banni við vistun barna og einstaklinga með fötlun í brottfararstöð.

Slíkir hópar eiga rétt á vernd – ekki frelsissviptingu. Það að afhenda slíkt mat í hendur stjórnsýslu eða skrifa það inn í reglugerð er ekki boðlegt.

4. Ísland þarf að velja sína eigin leið – ekki innleiða harðneskju frá öðrum ríkjum

Það að Ísland sé eina Schengen-ríkið sem ekki rekur brottfararstöð er ekki sjálfkrafa rök fyrir að breyta því.

Við hvetjum stjórnvöld til að líta til þess hvað við getum lagt af mörkum í alþjóðasamfélaginu – ekki hverju við þurfum að herma eftir. Að fylgja Danmörku í þeim málaflokki sem hefur sætt hvað harðastri gagnrýni á sviði mannréttinda og útlendingamála á Norðurlöndum á ekki að vera vegvísir fyrir Ísland.

Við þurfum að velja leið sem byggir á virðingu, alþjóðlegri ábyrgð og traustum grundvelli lýðræðis og réttarríkis.

Niðurstaða

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hafnar áformunum í núverandi mynd og krefst þess:

1. Að vistun barna og einstaklinga í viðkvæmri stöðu í brottfararbúðum verði undantekningarlaust bönnuð í lögum.
 2. Að ráðuneytið hverfi frá þessari lagasetningarleið og leggi í staðinn áherslu á mannúðlega, réttláta og samfélagslega ábyrgða nálgun í málefnum útlendinga.
 3. Að samráð verði endurtekið með eðlilegum tímafresti, virku samtali og þátttöku óháðra aðila.
 4. Að framkvæmdin verði ekki byggð á eftirlíkingu annarra ríkja – heldur á ábyrgð Íslands sem lýðræðisríkis sem vill standa með mannréttindum.
-